

# Raunfærnimat til styttingar á námi

## Undirbúningur og stýring

### Stýrihópur

Samráð hagsmunaaðila um skipan hópsins.

Hlutverk: Meta þarfir hópsins sem matið miðar að, ákveða inntökuskilyrði, áfanga til mats, velja matsaðila, greina mögulegar hindranir, nám að loknu raunfærnimati, fjármögnun og gildi á niðurstöðum.

**Tryggja gæði:** Verk- og kostnaðarætlun, gæðamál, yfirsýn, þjálfun matsaðila og ráðgjafa, verkaskipting, samningar og fjármál.

Ef upp koma álitamál í verkefnum er leitað til stýrihóps.



## Stuðningur, leiðsögn og ráðgjöf

Leiðsögn og ráðgjöf eru til staðar fyrir þátttakanda meðan á ferlinu stendur eftir þörfum.

### Stuðningur felst í að:

- veita hvatningu, stuðning og endurgjöf í ferlinu
- gæta að réttindum einstaklings í raunfærnimatsferlinu
- veita eftirfylgni og ráðgjöf að loknu raunfærnimati

Ráðgjafi eða verkefnastjóri er tengiliður við þátttakendur í verkefninu og leiðbeinir við gerð færnimöppu.

Í matsviðtölum er stuðningur til staðar ef þess er óskað. Misjafnt er hvort og þá hve mikil þörf er fyrir stuðning.

## Upplýsingar og skimun

Að veita mögulegum þátttakendum innsýn í ferlið til að þau geti tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku.

Markmið að finna einstaklinga sem hafa reynslu og færni í faginu og standast inntökuskilyrði.

### Kynning

- Skýr aðferðafræði
- Þátttökuskilyrði
- Tímasett verkáætlun
- Réttindi einstaklinga
- Kostnaður (ef við á)
- Möguleikar að loknu raunfærnimati

### Mikilvægt

Að einstaklingar sem sækja um en eiga ekki erindi fái skýringar á því og aðgengi að ráðgjöf um aðrar leiðir.

Skimunarlistar eru á máli vinnumarkaðar, eru stuttir en gefa heildarsýn á hæfniviðmið.

## Skráning á raunfærni og sjálfsmat

### Færnimappa

Þátttakandi skráir færni sem hann hefur áunnið sér í starfi og einkalífi (fær sýn á eigin styrkleika).

Mikilvægt að einstaklingur fái leiðsögn og tíma til að rifja upp og afla gagna v/ náms- og starfsferils.

### Sjálfsmat

Í sjálfsmati leggur þátttakandi mat á eigin stöðu á mótí matslistum, oftast á fjöggra þrepa skala.

Það á að vera hægt að leita til matsaðila til að fá útskýringar á hæfniviðmiðum.

### Niðurstaða úr sjálfsmati

Ef einstaklingur skorar lágt í einstökum námskeiðum / áföngum er líklega ekki þörf á matssamtali. Hann á þá ekki erindi í mat í þeim áfanga. Matsaðilar fá tíma til að yfirfara færnimöppu og sjálfsmat áður en matssamtal hefst.

Sjálfsmatslistar eru byggðir upp í samræmi við áfangaskiptingu náms og fela í sér skala þar sem þátttakandi leggur mat á þekkingu sína og færni.

## Staðfesting á færni

Matsaðili/ar leggur mat á hvort færni er til staðar og metur hana á mótí hæfniviðmiðum. Matið gengur út á að bera raunfærni einstaklingsins saman við hæfniviðmið.

### Hafa í huga að:

- matsaðilar hafa haft tækifæri til að kynna sér við færnimöppu og sjálfsmat
- ráðgjafi veitir stuðning í matsviðtali ef einstaklingur óskar þess

### Niðurstaða

Matsaðilar fara yfir niðurstöðu og skýra hana í samtali við þátttakanda. Getur verið beint að loknu mati eða síðar.

### Aðferðir:

Tala, teikna, raundæmi, leysa verkefni, framkvæma. Val á aðferðum fer eftir innihaldi áfangans og þeirri aðferð sem hentar þátttakanda best.

## Vottun og skráning

Mikilvægt er að einingar sem staðfestar eru með raunfærnimati séu skráðar í INNU, sama kerfi og aðrar einingar.

Það tryggir gildi þeirra þannig að einstaklingur geti hafið nám þegar honum hentar.

Gögn um niðurstöður úr mati þarf að varðveita eins og gögn úr prófum.